

121. Fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla

Haldinn í kapellu Klausturhóla 30/11 2018 kl 15:00

Mættir eru nefndarmann: Sveinn Hreiðar Jensson formaður, Elín Heiða Valsdóttir, Einar Bárðarson og Anna María Ólafsdóttir.

Arndís Harðardóttir 2. Varamaður Fanneyjar Ásgeirs dóttur boðaði forföll

Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstrjóri, Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri

Jóna Margrét Sigmarsdóttir vara-fulltrúi starfsmanna.

Formaður bíður fundarmenn velkomna og setur fundinn kl 15:00

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Matthildur fer yfir skýrslu hjúkrunarforstjóra.

Hjúkrunarforstjóri þakkar fyrir Árshátið starfsmanna Skaftárhrepps.

Nýting á hjúkrunarrýmum eru 2 undir frá því 18/10 2018.

Í húsinu eru laus 2 rými en 3 önnur rými eru í viðhaldi eins og er. Reiknað er með að þau rými verði fullbún um áramótin. Rætt hafði verið um á síðasta fundi rekstrarnefndar að einstaklingur frá Sambýlinu í Kerlingadal kæmi til vistunar en ekki verður af því að sá einstaklingur komi á Klausturhóla.

Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega og þarf að skoða fyrirkomulag á þeim fundum þar sem þeir eru á a.m.k 2 tungumálum og geta því orðið of langir.

Kynjahlutfall starfsmanna er 12 konur og 10 karlar. 14 starfsmenn tala íslensku, 6 tala ensku og 2 tala pólsku. Þeir 8 sem tala erlend tungumál eru að læra íslensku. Erlenda starfsfólkid leggur sig fram við að læra íslensku.

Auglýst var eftir starfsfólk og skilaði það ekki árangri þannig að leitað hefur verið maður á mann eftir starfsmönnum. Fullmannað er í störf núna innan Klausturhóla.

Rætt hafði verið um auka mönnun á næturvöktum en það þurfti einungis tímabundið og er því búið að breyta næturvöktum í fyrra horf.

Breyting var gerð á vaktafyrirkomulagi og er til reynslu að hafa auka starfsmann á vakt frá 17:30-01:30.

Allir eru í starfsmenn hafa húsnæði eins og staðan er í dag. Hjúkrunarheimilið fékk nýlega afhenda til afnota nýja íbúð frá Velunnarsjóði. Einnig er verið að leigja hús frá Systrakaffi ehf til 15. mars 2019.

Klausturhólalagurinn var haldinn 20/10 2018 og var aðsókn góð og er mikil ánægja með daginn og vill rekstrarnefnd þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plógl til að gera daginn skemmtilegan.

Búið er að vera í viðgerðum á húsnæði og lagfæra herbergi eftir því sem þau eru laus.

Si
B
KE
BO

Mannauðsstjóri kom inn á Klausturhóla og tók viðtöl við starfsmenn. Ekki hafa komið niðurstöður úr úttektinni frá mannauðsstjóranum.

Hjúkrunarforstjóri upplýsir um útttekt frá Lyfjastofnun og verður unnið að úrbótum skv. niðurstöðum.

2. Viðhaldspör 2019

Á Klausturhólum þarf að fara í ýmiskonar viðgerðir og endurbætur sem eru flestar smávægilegar. Unnið hefur verið að því skipulega að mála herbergi þegar þau eru laus og einnig á að fara í að lagfæra sturtuklefa í austurhluta byggingarinnar.

3. Seinni umræða fjárhagsáætlunar 2019

Í áætluninni er reiknað með daggjöldum í samræmi við nýsamþykktan rammasamning Sjúkratrygginga Íslands við Skaftárrepp um þjónustu hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur ársins verði 224 milljónir og þá er gert ráð fyrir 205 milljónum í daggjöld, um 19 milljónir í sértekjur þar af 2,9 mill. vegna niðurfellingu skuldar við Skaftárrepp. Inni í sértekjum er einnig um það bil 15 millj húsnæðisgjald frá Ríkinu sem greiðist í samræmi við rammasamning.

Gert er ráð fyrir 6% almennum launabreytingum milli 2018 og 2019. Annað Stöðugildi hjúkrunarfræðings verður aukið úr 80% í 100%. Styrkur sem hjúkrunarheimilið hefur fengið undanfarin ár frá Skaftárreppi á móti húsaleigu fellur niður. Launagjöld almannra starfsmanna hækka milli ára vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi en skrifstofu og stjórnunarkostnaður er áætlað að lækki um 2 millj milli ára. Gert er ráð fyrir að eigið fé verði um 27 millj í lok árs og er áætlað að handbært fæ hækki um 800 þús milli ára og verið í árslok 66.9 millj kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur verði 1,3 millj kr.

Niðurfellingu skuldar við Skaftárrepp lýkur árið 2019.

Í áætlun um annan rekstrarkostnað er reiknað með að hann breytist almennt um 2,9 % frá rauntölum ársins 2018.

Sandra fer yfir 11 mánaða stöðu reksturs Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla. Útlit er fyrir að afgangur verði af rekstri Klausturhóla árið 2018.

4. Starfsmannamál

Farið er yfir starfsmannamál

Endurskoða þarf starfslýsingar starfsmanna Klausturhóla.

Gæðahandbók Klausturhóla hefur verið í endurskoðun og er verið að vinna í að innleiða notkun á gæðahandbókinni.

Búa þarf til móttokuáætlun nýrra starfsmanna og í henni þurfa að vera upplýsingar fyrir nýja starfsmenn, innlenda og erlenda.

ÓL
EINB
FHU
RÍD

5. Önnur mál
Engin önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert á fundi fundi slitið kl 17:30

Sveinn H. Jensson

Sveinn Hreiðar Jensson

Einar Bárðarson

Einar Bárðarson

Elín H. Valsd.

Elín Heiða Valsdóttir

Anna María Ólafsd.

Anna María Ólafsdóttir